

Póstmannafélag Íslands
Grettisgötu 89
105 Reykjavík

28. júní 2006

Efni: Hvað flokkast undir eðlilega leið til og frá vinnu.

Með bréfi dags. 30. maí sl. óskaði Póstmannafélag Íslands eftir álitni réttindanefndar BSRB á því hvað getur kallast eðlileg leið til og frá vinnu. Í bréfinu er sagt frá því að starfsmaður Íslandspóstis fylgi 5 ára barni sínu á hverjum degi í leikskólann á leið sinni til vinnu. Þann 14. janúar sl. hafi starfsmaðurinn slasast þegar hann féll á leikskólalóðinni með þeim afleiðingum að hann var frá vinnu í tvær vikur. Starfsmaðurinn þurfti að fara á sjúkrahús með tilheyrandi kostnaði en Íslandspóstur hafnaði því að endurgreiða útlagðan læknskostnað og jafnframt þurfti starfsmaðurinn að nýta eigin veikindarétt. Rökin voru þau að starfsmaðurinn hafi ekki verið á eðlilegri leið til og frá vinnu.

Íslandspósti er skylt samkvæmt ákvæði 7.1 í kjarasamningi við Póstmannafélagið að tryggja launþega þá, sem samningurinn tekur til fyrir dauða, varanlegri örorku, tímabundinni örorku, af völdum slyss í starfi eða á eðlilegri leið frá heimili til vinnustaðar og frá vinnustað til heimilis. Álitafnið hins vegar er hvað flokkast undir eðlilega leið frá heimili til vinnustaðar og öfugt.

Að mati réttindanefndar BSRB telst það til eðlilegrar leiðar frá heimili að vinnustað að fylgja barni sínu í leikskólann. Um séu að ræða venjubundnar ráðstafanir starfsmanns sem falli undir skilgreiningu á því hvað teljist til eðlilegrar leiðar til eða frá vinnu. Þetta geri starfsmaðurinn á hverjum degi. Með svo þröngri túlkun að líta svo á að það sé ekki eðlileg leið til og frá vinnu að fara með barn í leikskóla og sækja það að loknum vinnudegi er verið að takmarka tryggingarskyldu fyrirtækisins skv. kjarasamningsákvæði 7.1 gagnvart starfsmönnum sínum svo um munar. Nauðsynlegt er að túlka ákvæðið samkvæmt orðanna hljóðan og samkvæmt eðli málsins. Það taki til slysa á raunverulegri og nauðsynlegri leið til og frá vinnu, þ.e. leið sem ekki er farin í öðrum tilgangi en þeim, enda teljist val á leiðinni hafa verið forsvaranlegt og eðlilegt miðað við aðstæður í hverju tilviki.

F.h. Réttindnefndar BSRB

Erna Guðmundsdóttir, hdl